

Stjórn Samtaka heilsuleikskóla

Fundargerð 14. nóvember 2018

- ❖ Ráðstefnan á Akureyri
 - Ráðstefnan var vel heppnuð, áhugi er fyrir því að hafa oftari slíkar ráðstefnur
 - Eftir að búið er að greiða öll gjöld koma samtökin út í gróða eftir ráðstefnuna
 - Hugmynd kom upp um að fastsetja slíkar ráðstefnur með ákveðnu millibili, það verður tekið upp á næsta aðalfundi
 - Anna Ragna, Jórunn og Higrún sáu um ráðstefnuna og eiga þær mikið hrós skilið fyrir frábært verk og góða skipulagningu

- ❖ Rafræn Heilsubók barnsins
 - Uppsetning er tilbúin og aðeins eftir að leysa mál varðandi hýsingu
 - Hugmynd er að nýjum áherslum í skráningu Heilsubókar, þ.e. að skrá í kringum afmæli barnanna og aftur 6 mánuðum seinna – kerfið mundi senda áminningu um hvaða börn eru á skráningu fyrir hvern mánuð
 - Í upphafi þarf að skrá hvert barn handvirkt inn í kerfið
 - Tilraunaskólarnir prufukeyra kerfið fram að áramótum – að öllum líkindum hefst keyrslan mánudaginn 19. nóvember, Sigrún Hulda mun láta stjórnina vita þegar keyrsla hefst
 - Tillaga var sett fram um að þeir tilraunaskólar sem prufukeyra kerfið þurfi ekki að borga fyrir aðganginn (notkunargjald) en borga samt sem áður stofngjaldið eins og aðrir. Þessi tillaga verður skoðuð og tekin aftur til afgreiðslu í janúar

- ❖ Heimsókn til Hákon, eiginmanns Unnar heitinnar, og Gríms sonar þeirra
 - Sigrún Hulda og Berglind fóru í heimsókn til þeirra 12. september sl.
 - Þeir fengu borðfána og skjöld að gjöf
 - Lén heimasíðunnar er komið í eign Samtaka heilsuleikskóla – heimasíðan verður því endurskoðuð á næstunni og tillaga um að ritari hafi aðgang að síðunni til að geta sett inn fundargerðir

- ❖ Nýir matseðlar
 - Formleg afhending matseðlanna er íhuguð í janúar – föstudagur 11. janúar er settur fram sem áætluð dagsetning
 - Hákon, eiginmaður Unnar, og fjölsk. verður boðið á athöfnina
 - Guðmundur frá Skólum ehf. mun verða á athöfninni
 - Thelma Rún næringarfræðingur Samtaka heilsuleikskóla verður einnig viðstödd
 - Áætlað er að hafa námskeið fyrir matráða eftir afhendingu nýrra matseðla og tengja jafnvel við dagsetningu aðalfundar í júní
 - Einnig er hugmynd að hafa námskeið fyrir stjórnendur skóla (deildarstjóra og leikskólastjórnendur) sem skólarnir mundu líklega bera kostnað af

- ❖ Gátlistar heilsuleikskóla
 - Tillaga um að hafa gátlistana inni í rafrænni heilsubók og geta þá reiknað út niðurstöður fyrir skóla eða bera saman niðurstöður á milli deilda o.s.frv.
 - Hvetja alla skóla til að nýta gátlistana amk annað hvort ár

- ❖ Verklagsreglur stjórnar
 - Umræður um verklag innan stjórnarinnar, Facebook-síður stjórnarinnar og fleira

- ❖ Verkefnaáætlun stjórnar Samtaka heilsuleikskóla
 - Þóra Sigrún gjaldkeri stjórnar afhenti stjórnarmeðlimum uppfærða verkefnaáætlun stjórnarinnar fyrir komandi mánuði

- ❖ Önnur mál
 - Námskeið í skráningu í Heilsubók barnsins áætlað á árinu 2019, líklega á höfuðborgarsvæðinu
 - Aðalfundur Samtaka heilsuleikskóla áætlaður föstudaginn 7. júní 2019

Á fundinn mættu: Sigrún Hulda formaður, Berglind varaformaður, Þóra Sigrún gjaldkeri, B. Sif ritari, Erla Stefanía meðstjórnandi, Hugrún varamaður í stjórn (var viðstödd í gegnum FaceTime og í síma). Fundur hófst kl. 13 og var slitið kl. 15:25.